



Bláskógabyggð
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss
Iceland

Garðabær, 12.12.2024
Málsnúmer: 202412-0039
BK

Efni: Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 - Flokkun landbúnaðarlands og votlendis

Vísað er í tölvubréf frá Bláskógabyggð sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 12. desember 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna skipulagslýsingar um breytingu á aðalskipulagi sem snýr að grunnflokkun landbúnaðarlands og kortlagningu votlendissvæða.

Náttúrufræðistofnun mun veita ítarlegri umsögn á síðari stigum en afar jákvætt er að sveitarfélagið hafi hafið vinnu við kortlagningu votlendis með verndun að markmiði. Í kortasjá Bláskógabyggðar má sjá að til skoðunar eru tillögur að víðtækari hverfisvernd votlendis og er þar einkum horft til svæða á C og B hluta náttúruminjaskrár. Einnig er lögð til stækkun hverfisverndarsvæðis við Apavatn þar sem finna má lítt snortið votlendi og mætti gjarnan taka til skoðunar fleiri slík svæði innan sveitarfélagsins sem falla undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerðinni kemur fram að stefnumörkun fyrir skógrækt verði uppfærð í samræmi við hverfisvernd og verndun landbúnaðarlands. Mikilvægt er að þar sé einnig horft til líffræðilegs fjölbreytileika, einkum með verndun vaðfugla að leiðarljósi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni en er tilbúin til ráðgjafar við undirbúning tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur